

7. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 29. október í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Eyþór Einarsson, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Steinn Leó Sveinsson sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Einar Andri Gíslason, byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir, skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar komu inn á fundinn kl 9:20 þegar umræða um skipulags- og byggingarmál hófst.

Hrefna setti fundinn kl. 8.45.

1. Íbúafundir

Róbert fór yfir niðurstöður og athugasemdir frá íbúafundum 26. október. Ekki kom mikið af breytingatillögum fram á fundunum en fjölmargar spurningar og athugasemdir. Umræða var um áhrif niðurstöðu fundanna á framtíðarsýn mögulega sameinaðs sveitarfélags og lokatillögu samstarfsnefndarinnar.

2. Skipulags- og umhverfismál

Sæunn Kolbrún fór yfir stöðuna á aðalskipulagsgerð sem er í vinnslu hjá báðum sveitarfélögum en komið skemur á veg í Akrahreppi heldur en Sveitarfélaginu Skagafirði. Einar Andri fór yfir stöðu byggingarmála í báðum sveitarfélögum en bæði skipulags- og byggingarfulltrúi starfa fyrir bæði sveitarfélög. Fjallað var um mögulegar breytingar á málaflokknum ef til sameiningar kæmi.

Steinn Leó fór yfir stöðuna í umhverfis-, veitu, hreinlætis- og samgöngumálum. Sorpmálin eru í endurskoðun og fyrirhugað sameiginlegt útboð hjá sveitarfélögunum báðum.

Umræðu í málaflokknum frestað til næsta fundar nefndarinnar sem verður 4. nóvember nk.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 10:00.